

35. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 19. febrúar 2016 kl. 13:00 við Norðurgötu

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Guðjón Fannar Magnússon fulltrúi nemenda, Elísabet Alla Rúnarsdóttir fulltrúi nemenda, Helgi Fannar Jónsson fulltrúi nemenda, Ásdís Ósk Gísladóttir fulltrúi nemenda, Sigríður Ása Guðmarsdóttir fulltrúi nemenda og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sem stýrði fundi.

- 1. Drög að viðmiðunarstundaskrá:** Skólastjóri kynnti drög að viðmiðunarstundaskrá fyrir næsta skólaár sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og tók gildi 1. ágúst 2015. Útreikningarnir miðast við 60 mínútna kennslustundir sem er breyting frá því sem verið hefur en kennslustundir hafa verið 40 mínútur í Grunnskóla Fjallabyggðar. Ástæður breytinganna eru ábending úr niðurstöðum ytra mats á vegum Menntamálastofnunar sem hvetur til þess að rýmri tími verði veittur í stundatöflu til að komast í og úr íþróttahúsi. Umræður sköpuðust um viðmiðunarstundaskrána og voru nemendur m.a. sammála um að endurskoða þyrfti upphaf dönskunáms, hafa það léttara t.d. með því að hefja námið fyrr þ.e. í 6. bekk eða án bóka. Þau tóku sem dæmi að framburður reyndist nemendum erfiður og því mætti hefja námið með munnlegum verkefnum til að æfa framburð.
- 2. Drög að skóladagatali 2016-2017:** Skólastjóri lagði fram þrjár hugmyndir að skóladagatali fyrir næsta skólaár sem byggja m.a. á samstarfi við Dalvíkinga um sameiginlegan tónlistarskóla Davíkurbyggðar og Fjallabyggðar. Rætt var um kosti og galla þess að hafa skólaárið í einni, tveimur eða þremur önnum.
- 3. Drög að stundatöflum fyrir skólaárið 2016-2017:** Skólastjóri lagði fram drög að stundaskráum fyrir yngsta, mið- og unglingastig sem byggja á 60 mínútna kennslustundum. Litlar umræður sköpuðust því fundartíminn var á þrotum.

Fundi slitið kl. 13:50

Jónína Magnúsdóttir